

116. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna Halldórsdóttir, Elías Ólafsson, Helga J. Bjarnadóttir og Guðmundur B. Friðriksson

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 16. mars 2010 kl. 13:30.

Þetta gerðist

1. Aðalfundur

Rætt um félagsgjöld. Ákveðið að fresta ákvörðun um hækkun gjalda fram á næsta fund. Framboðsmál einnig rædd á næsta fundi. RH tekur saman efni fyrir aðalfund og sendir fyrir næsta stjórnarfund. HJB taldi mikilvægt að kynna félagið fyrir aðalfund og ráðstefnuna. Þjóða aðilum á fundinn og ráðstefnuna s.s. fasteignafélögum. EÓ benti á að senda mætti staðardagskrárfulltrúum bréf og HJB lagði einnig til að sent yrði boð á póstlista Samtaka tæknimanna sveitarfélaga. HJB skoðar póstlista yfir fasteignafélög og RH póstlista SATS.

2. Ráðstefna í kjölfar aðalfundar

Farið yfir fyrirlesara og fyrirlestra á ráðstefnunni. Rætt um að fá Birnu Hallsdóttir til að segja frá losun gróðurhúsalofttegunda frá úrgangi á Íslandi. Hugi Ólafsson ætlar að vera með erindi um COP15 og fleira því tengt. Gunnlaug hjá UST ætlar að vera með erindi um stöðu úrgangsmála innan UST, tölfræði um úrgang og landsáætlun. Rætt um að senda póst á Huga, Birnu og Gunnlaugu saman svo erindi þeirra skarist ekki. HJB vinnur póstinn með RH. Guðmundur Tryggvi óskaði eftir því við Gufinn Johnsen hjá LÍÚ að hann héldi erindi um veiðarfæramálin en Guðfinnur sér ekki ástæðu til þess, ætlar að ræða við framkvæmdastjóra LÍÚ. Eiríkur hjá endurvinnslunni ætlar að kynna stöðuna á skilagjaldskerfinu og nýjan búnað í talningu og vinnslu. RH er búin að ræða við Kóp. en á eftir að fá staðfestingu varðandi fundarstjóra. Rætt um að panta rútu til að heimsækja Actavis og að þátttakendur á skrái sig í heimsóknina samhliða skráningu á aðalfundinn og ráðstefnuna. Heiti ráðstefnunnar verður: “Úrgangsstjórnun – hvar erum við, hvert stefnum við?”

3. Flokkunarmerki FENÚR

Rætt um að hækka gjaldskrána um 40%. RH er að uppfæra pöntunarblaðið. Rætt um liti fyrir úrgangsflokka. GBF sagði frá vinnu vinnuhóps á vegum samráðsnefndar sorpsamlaganna. GBF kannar hvort setja megi frétt um vinnuna í Fenúrfréttir

Fundi slitið kl. 15:00

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson